


Bókasafn Verkmenntaskólans á Akureyri

Yfirlit um starfsemi. Fylgir ársskýrslu 2018



Bókasafn Verkmenntaskólans á Akureyri

Yfirlit um starfsemi. Fylgir ársskýrslu 2018

Starfstími:

Starfstími safnsins hefst um miðjan ágúst á haustin og endar viku eftir skólalok á vorin. Starfsdagur er frá 8.00 til 18.00 á virkum dögum, 8.00 til 15.00 á föstudögum.

Fastir starfsmenn eru tveir, í einni og 75% stöðu. Auk þess unnu nemendur 8 klst á viku.

Starfsfólk safnsins í vetur:

Mjöll Sigurdís Magnúsdóttir nemandi,

Reem Almohammad nemandi,

Sara Gná Valdemarsdóttir nemandi,

Victoria Rachel Zamora nemandi,

Hildur Friðriksdóttir framhaldsskólakennari

Sigríður Sigurðardóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur

Bókasafnið hefur nú í nokkur ár gefið út Fréttabréf bókasafnsins sem fylgirit með ársskýrslu bókasafnsins. Ársskýrslan er varðveitt í hillu á skrifstofu skólameistara.

Eftirfarandi kaflar standa óbreyttir frá 2017 og eru felldir út hér.

Notendahópur:

Skráning bóka og tímarita:

Geymsla:

Námsráðgjafar:

Samstarf:

Verkefnavinna og útlán:

Grisjun:

DVD-diskar:

Safnkennsla:

Sýningar, kynningar og bókamarkaðir:

Grunnskólakynningin:

Aðstaða og safnkostur:

Safnið er mikið notað og samvinna nemenda eykst stöðugt. Því hefur verið lögð áhersla á að bæta aðstöðu fyrir þá sem eru að vinna tvö eða fleiri saman. Alltaf verður þó að gera ráð fyrir einstaklingsvinnu líka. Þeir sem vinna einir sækja sumir í að vinna í klíðnum frá hópastarfinu, aðrir kjósa þögnina í lesstofunni. Nemendur vinna einnig mikið í tölvustofunum og fara þá gjarnan með efni með sér af safninu þangað. Tölvustofuna B02 er hægt að panta á Innu en litlu tölvustofuna panta kennarar á töflu sem hangir við dyrnar inn í stofuna. Litla stofan er því oftast laus fyrir tilfallandi vinnu nemenda.

Í vetur hefur bókasafnið áfram reynt að koma efni af myndböndum yfir á rafrænt form. Um er að ræða efni sem kennarar vilja halda í og finnst ekki á netinu. Annars eru myndbandsspólurnar komnar í kassa, sem geymdir eru í kjallaranum.

Tímarit og árbækur (sem fylgja oft félagsaðild) í áskrift eru 35, að auki berast tímarit endurgjaldslaust. Tímaritin er flest keypt að ósk kennara. Þau eru aðgengileg á bókasafninu um tíma áður en þau fara á deildirnar.

Fréttablöð í áskrift eru Bændablaðið, Fréttablaðið, Morgunblaðið (sem fylgir áskriftinni að gagnagrunninum), Stundin og Vikudagur. Öll þessi blöð eru mikið lesin.

Hillupláss er löngu sprungið og ýmsar aðferðir notaðar til að gera bækurnar aðgengilegar. Það hefur t.d. verið notast við bókavagnana. Verkefna- og ritgerðabækur á bókavögnum taka ekki pláss í hillum. Nú liggur fyrir beiðni um bókahillukaup. Með þeim er fyrirhugað að stúka af hópaborð, en það er orðið aðkallandi að bæta við hópvinnuherbergjum í tengslum við safnið. Einnig þyrfti gjöf frá aðstandendum Elsu E. Guðjónsson og Þórs Guðjónssonar að fara að komast upp í hillur. Það er í kössum í kjallara.



Darna biða þær eftir vetrinum, bækurnar, lóðréttar og láréttar...

Á bókasafninu var öllu raðað áður fyrir í töluröð samkvæmt Dewey. Fyrir nokkrum árum var farið að raða og staðsetja safnkost eftir því hvernig notendur nálguðust og nýttu hann. Þá þarf líka að breyta merkingunum. Einhverju sinni voru þær hugmyndir færðar í tal við Hallgrím Ingólfsson kennara á listnámsbraut og hann spurður hvort hægt væri að fela nemendum að hanna og jafnvel gera merkingar á bókasafnið. Hann taldi það vera og leist vel á. Mikið væri skemmtilegt ef af þessu gæti orðið og nemendur vildu taka þetta að sér. Sjáum til hvernig þau mál þróast.

Breytingar á útlánum:

Ný námskrá, nýir og breyttir áfangar og nýjar kennsluaðferðir kalla á breytingar á bókasafninu.

Áður hefur verið minnst á hópvinnuherbergi sem myndu nýtast frekar nú en áður.

Útlánur út úr skólanum hefur fjölgað. Verkefnin og ritgerðirnar sem nemendur eru að vinna eru í mörgum áföngum svipuð og verið hafa en í öðrum áföngum hefur áherslan breyst. Lestur íslenskra samtíma skáldsagna hefur aukist mikið. Bókasafnið hefur því keypt meira af nýjum skáldsögum fyrir nemendur.

Í lokaverkefnum vinna þau mikið með kennurunum sínum á safninu hin fjölbreytilegustu verkefni. Það var virkilega gaman að fylgjast með þeim. Komast að því hvað þeim datt í hug að skrifa um, hvernig þau nálguðust viðfangsefnið sín, og hvernig þau þróuðu svo þekkingarleitina dýpra eftir því sem þau komust lengra í vinnunni. Þau voru að leita að heimildum sem hafa ekki hreyfst mikið hér í seinni tíð og heimildum sem ekki eru til nema á öðrum fagsöfnum og fjölgaði millisafnalánunum töluvert vegna lokaverkefnanna. Dæmi um lokaverkefni er t.d. „Hugarfar íþróttafólks“ og „Erfðir sauðalita og mismunur á sauðfé og forystukindum“, „Áhrif leiklistar á persónuleika“, „Áhrif tónlistar og bóklesturs á líðan fólks“. Allt hvert öðru áhugaverðara.

Með nýrri námskrá fækkar kennslubókum nemenda. Í vetur hafa kennslubækurnar í hillunum inni á skrifstofu smátt og amátt verið tengdar við Gegni og í haust verður prófað að lána þær rafrænt. Hingað til hefur skammtímalánsefnið verið skrifað í þar til gerðar bækur inni á skrifstofu. Það er fljótlegt og þau kvitta fyrir sjálf. En í haust er stefnt að því að öll útlánin verði rafræn. Ennþá er efni lánað út í gegnum Mikromarc tölvuna. Það verður áfram á meðan vilji er til að halda upp á efnið á diskunum og á meðan ekki vinnst tími til að nýskrá bækur í Gegni.

Facebook:

Á haustmánuðum var sett upp facebook síða safnsins. Þangað inn fara nýjustu fréttir, myndir og auglýsingar. Þetta hefur gefist afar vel. <https://www.facebook.com/vmabokasafn/>

Vefsíða safnsins:

Það sem einkum er notað á henni eru tenglar í gagnagrunna, einnig sérvaldir tenglar fyrir námsgreinar. Starfsfólk safnsins notar listana mikið. <https://www.vma.is/is/thjonusta/bokasafn/tenglasafn-fyrir-namsgreinar>

Í aðdraganda próftarnarinnar var sett upp aðstaða til að „púsla“, fyrir þá sem vildu taka sér frí frá próflestri. Nemendur virðast hafa verið svo duglegir við lesturinn að aldrei gafst tími til að ná að setja saman heilan ramma.



Hér má sjá nemendur í gamla húsnaði „trésmíðadeildarinnar“ hefja smíði á lesborðum bókasafnsins, sem þeir báru svo inn á safn í mars 1990. Betri borð hafa aldrei fundist.

Hvar.is:

Landsaðgangur að rafrænum áskriftum - hvar.is veitir öllum sem tengjast netinu um íslenskar netveitur aðgang að heildartexta tímaritsgreina úr um 20 þús. tímaritum og þar af tæplega 4.900 tímaritum beint frá útgefendum. Ríflega 200 aðilar greiða fyrir aðganginn, þar á meðal bókasöfn framhaldsskóla.

Síðasta vetur fóru bókasöfnin í VMA og Tækniskólanum fram á að reiknilíkanið fyrir greiðslu að Landsaðgangi yrði endurskoðað og kostnaðurinn miðaðist frekar við nemendaígildi heldur en nemendafjölda, samkvæmt tölum frá Hagstofu. Þetta var endurskoðað og er nú miðað við nemendaígildi.

Verknámsnemendur, nemendur í dreif-, fjar- og kvöldnámi, auk utanskólanema vega 0,3 á móti bóknámsnemendum sem vega 1,0.

Tölvustofurnar og tölvumál:

Í nóvember fékk bókasafnið 4 Chrome-tölvur til að lána nemendum og kennurum að vinna með innan skólans. Þar með var hægt að lána 5 tölvur. Þær voru lánaðar í 148 skipti frá nóvember – maí.

Einnig hefur bókasafnið verið að lána talgervil í nokkur ár. Það hefur reynst vel og núna í vor var í fyrsta skipti beðið um það að fá að taka vorpróf í talgervlinum. Bókasafnið hefur laust drif til að lána kennurum sem eiga efni á diskum sem á eftir að setja inn á myndbandaþjóninn.

Núna er verið að kanna hjá fyrirtækjum sem selja hleðsluvagna hvaða möguleika við höfum til að hlaða og geyma Chrometölvur skólans.

Turnitin:

Í framhaldi af upplýsingum úr Fréttabréfinu 2017 má geta þess að í ársbyrjun 2018 skrifaði Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn undir þriggja ára samning um aðgang íslenskra háskóla og framhaldsskóla að hugbúnaðinum Turnitin. Samningurinn er fjármagnaður af mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Má ekki henda öllum gömlum bókum og trosnuðum tímaritum?

Svarið við þessari spurningu tengist grisjun. Það þarf auðvitað að vera pláss í hillum fyrir nýtt efni.

Safnkostur bókasafns VMA er samkvæmur fjölbreyttu starfssviði skólans.

Rökin fyrir því að henda ekki öllu gömlu efni eru mörg.

Þau rök sem eru farin að vega þungt er aðgengi nemenda, starfsfólks og lífsins utan skólans að efni um gamalt verklag, sögu iðnaðar og fagbóka í iðngreinum.

Amtsbókasafninu ber að geyma allt efni sem gefið er út á Íslandi en hvar á að geyma bækur á borð við Lommebog for mekanikere, Blikkenslager-, smede- og centralvarmearbejde...,

Audels New Electric Library for engineers, electricians all electrical workers mechanics and students,

Instruksjonsbok og reservedelsliste lister marine luftkjølte Plade- og

rörarbejde, Teikningar með Skibsmoterlære eftir E. Stalh?

Varðandi tímaritin þá eru þau ekki öll komin inn á timarit.is og er því gott að geta gripið til þeirra í hillunum.

Misauðvelt er að finna myndir eftir listamenn á netinu og bækurnar bjarga okkur enn.

Ótrúlega oft er leitað að gömlum kennslubókum til að finna dæmi, skýringarmyndir eða ná í hugmyndir að verkefnum.

Gamalt efni til samanburðar við það nýja er líka nauðsynlegt.

Öðru hvoru hefur starfsfólkið kallað til fagkennara til að gefa leiðbeiningar um grisjunina. Það er betra að grisjun sé í samráði við kennara í hverju fagi fyrir sig.



Hugleiðingar um framtíðina á bókasafni VMA:

Neðangreind eru nokkur atriði úr sama kafla í Fréttabréfinu 2017. Það er metnaðarmál starfsfólksins, hvort sem um er að ræða bóknám eða verknám að mennta nemendur þannig að þeir séu vel upplýsingalæsir þegar þeir útskrifast úr skólanum.

Tækjavæðing öll kallar á fjölbreyttari nýtingu húsnæðis.

Tveir stækkunarmöguleikar hafa verið nefndir til sögunnar. Annars vegar stækkun upp á þak, hins vegar stækkun í suður.

Í haust koma vonandi kennarar í tölvustofuna B02 og skoða gagnagrunna og meðferð heimilda. Kennarar hafa tekið vel í það að fagfundir yrðu notaðir til að skoða upplýsingalæsisvefi og grunna.

Vonandi ganga þessar fyrirætlanir eftir.

Eitt er víst og hefur verið sagt oft áður : Bókasafnið mun aldrei þrífast nema til komi gott samstarf við starfsfólk skólans.

Tengill safnsins er: <http://www.vma.is/is/thjonusta/bokasafn>

**Bókasafn VMA
2018**